



# Öldubrot

## Fréttabréf Öldutúnsskóla



21. árgangur, 1. tölublað

Mars 2006

Ábm.: Guðmundur I. Jónsson

Fréttabréfið er sent í tölvupósti til allra foreldra. Það er einnig á vefsíðu skólans

### Mikilvægt að muna:

- Veikindi skulu tilkynnt á skrifstofu skólans. Munið að hringja daglega fyrir kl. 9 meðan veikindi standa yfir.
- Heimasíða skólans er: [www.öldutunsskoli.is](http://www.öldutunsskoli.is)
- Heimasíða félagsmiðstöðvarinnar er: [www.aldan.is](http://www.aldan.is)
- Sími skólans er 555 1546 og er skrifstofa skólans opin kl. 8-16 virka daga nema föstudaga en þá lokar skrifstofan kl. 15.

### Skólastjóri:

Erla Guðjónsdóttir.

### Aðstoðarskólastjórar:

Guðmundur Ingi Jónsson  
María Pálmadóttir.

### Meðal efnis í blaðinu:

- Þemadagar—heilbrigði og hollusta
- Samverustundir á sal
- Útivist og útíkennsla
- Stærðfræðikeppni
- Skák
- Stóra upplestrarkeppnin
- Vinnuhópur um húsnæði og aðbúnað skólans
- Að bera ábyrgð

## Heilbrigð sál í hraustum líkama - þemadagar

Dagana 8. til 10. mars, er hefðbundið skólastarf brotið upp og hugað sérstaklega að hollustu fyrir líkama og sál. Krökkunum verður kynnt fjölbreytt tómstundaiðja og gott mataræði. Farið verður í hjólatúra, leiki á leikvelli undir stjórn íþróttakennara, tónlist, dans, heimspeki, ljósmyndun og ratleiki. Kennt er á skauta í Egilshöll og Þjóðleikhúsið heimsótt, svo nokkuð sé talið. Krakkarnir í unglingsdeildinni fá fyrirlestur um átröskun og staðalímyndir og lögð er áhersla á neyslu hollrar fæðu. Í mótuneyti nemenda verður meira af grænmeti og ávöxtum á boðstólum en venja er. Nemendur í unglingsdeild tóku þátt í að móta matseðil vikunnar í sölubúðinni sem þeir nota og þeir sem eru í 9. bekk vinna við að útbúa og afgreiða heilsufæðið. Ekki verður boðið upp á neitt sætabrauð en þess í stað stendur nemendum til boða að kaupa ávexti, grænmeti, salöt og skyrdrykki (boozt). Áfram verður hægt að kaupa smurðar samlokur og langlokur. Vonandi verða viðtökurnar góðar svo hægt verði að bjóða áfram upp á þetta heilsusamlega fæði. Nemendur í 10. bekk fara í tveggja daga ferð, fimmtudag og föstudag, á Hengilssvæðið. Þar er meiningin að stunda skíðaíþróttina, en ef enginn snjór er til staðar verða stundaðar gönguferðir. Umsjónarkennarar senda dagskrá heim með nemendum.

## Ánægjulegar samverustundir nemenda á sal

Í vetur hafa verið skipulagðar samverustundir á sal þar sem nemendur koma fram með söng, leik og upplestur. Þetta er liður í því að þjálfa nemendur í framkomu og að vera góðir áheyrendur. Fyrsta föstudag í hverjum mánuði er skipulögð söngstund hjá yngri deild skólans undir stjórn Brynhildar Auðbjargadóttur, tónmenntakennara. Krakkarnir safnast saman ásamt kennurum sínum og hver árgangur syngur lag fyrir hina. Síðast syngja allir saman. Það er óhætt að segja að samverustundirnar hafa verið ánægjulegar fyrir alla. Krakkarnir hafa staðið sig afar vel og framkoma þeirra verið til fyrirmyndar.



Nemendur í 1. til 4. bekk í söngstund á sal

## Útivist og útikennsla í 9. og 10. bekk

Útivist og umhverfi er nýr valáfangi í 9. og 10. bekk. Við höfum gert ýmislegt, það sem er af skólaárinu. Fyrir jól þá t.d. gengum við upp á Ásfjall, lærðum að hnýta hnúta, fórum í snjókarlakeppni, í vettvangsferð í Landhelgisgæsluna og hjóluðum út í Hliðsnes. Við enduðum árið á því að fara í fótbolta á nýja gervigrasvellingnum við skólann og fengum heitt kakó og piparkökur eftir glæsilega frammistöðu á vellingnum. Á nýja árinu byrjuðum við á því að fá kennslu í klifri. Við fengum leiðsögn hjá klifkennara og reyndum klifurvegginn í Bjarkarhúsinu með góðum árangri. Umhverfismál voru skoðuð í einum tímanum og eftir að hafa drukkið í okkur fróðleik um þetta þarfa málefni þá var farið út í skotbolta og brennó. Vorið er framundan með endalausum möguleikum af alls kyns útivist og biðum við spennt eftir að næsta útivistartíma.



Frá útivistartíma í vetur

## Útikennsla

Útikennsla er liður af náminu í spænsku í 9. og 10. bekk. Í upphafi skólaárs völdu bekkirnir sér „útikennslustofu“ sem við höfum síðan notað fyrsta mánudag í hverjum mánuði. Útikennslan fer fram með misjöfnum hætti. Við höfum farið í göngutúr um skólaumhverfið og lært ný orð á tungumálinu, farið í alls kyns upprifjunarleiki og síðast en ekki síst fært það sem kenna átti innan veggja skólans út í útikennslustofuna og lært þar með bækurnar og skriffæri. Nemendur eru mjög meðvitaðir um útikennsluna og mæta fyrsta mánudag í hverjum mánuði klæddir eftir veðri og tilbúnir að takast á við viðfangsefni.

*Sigríður Ingadóttir, kennari*

## Árleg stærðfræðikeppni grunnskólanema í Flensborgarskóla

Árlega er efnt til stærðfræðikeppni fyrir nemendur í 8., 9. og 10. bekk grunnskólanna í fjölbrautarskólanum Flensborg. Keppnin var að þessu sinni þann 22. febrúar sl.

Árangur okkar fólks er afar góður. Fjórir af tíu efstu í 10. bekkjar hópnum eru úr Öldutúnsskóla, en það eru: Arna Bergrún Garðarsdóttir, Guðný Halla Guðmundsdóttir, Haraldur Tómas Hallgrímsson og Þóra Kristín Flygering. Tveir nemendur úr 9. bekk Öldutúnsskóla eru hluti af tíu efstu: Oddrún Lára Friðgeirsdóttir og Ragnheiður Guðjónsdóttir. Úr 8. bekk er Guðrún Gunnarsdóttir ein af þeim sem eru í topp tíu hóp áttunda bekkjar.

Þessum nemendum ásamt foreldrum er sérstaklega boðið í Flensborgarskóla sunnudaginn 12. mars kl. 16.00. Þá verða veitt verðlaun og afhent viðurkenningarskjöl.

Við erum að vonum afar stolt yfir árangri okkar nemenda og óskum þeim og foreldrum þeirra hjartanlega til hamingju.

## Skák í Öldutúnsskóla - Skólaskákmeistaramót Hafnarfjarðar

Sunnudaginn 26. febrúar kl. 14:00, var Skólaskákmeistaramót Hafnarfjarðar 2006 í Strandbergi við Hafnarfjarðarkirkju. Ein sveit keppti fyrir hönd okkar skóla og varð í **þriðja sæti**. Í fyrsta sæti var sveit Setbergsskóla og í öðru sæti sveit Hvaleyarskóla. Í sveit okkar voru Jón Hákon Richter, Theódór Óli Davíðsson, Benedikt Fannar Guðmundsson, Páll V.K. Guðmundsson og Rögnvaldur Þór Gunnarsson. Við óskum þeim hjartanlega til hamingju með frammistöðuna.

Mótið er liður í skákátaki sem hófst í vetur. Henrik Danielsen, skólastjóri Hróksins og skákfélögin í Hafnarfirði, heimsóttu skólana í bænum í febrúar og kenndu skák.

Í fyrsta sinn í vetur er skák valgrein í 9. og 10. bekk og hefur það gefist vel. Við höfum hug á að setja skákkennslu í námskrá yngri bekkja skólans. Stofnun skákkúbbs er í undirbúningi og höfum við mikinn áhuga á að efla skáklífið í skólanum og í félagsmiðstöðinni.

## Stóra upplestrarkeppnin

Það er árlegt verkefni hjá 7. bekkjum að taka þátt í Stóru upplestrarkeppninni, en hún er nú haldin í tíunda skipti. Formlegur undirbúningur ár hvert hefst á degi íslenskrar tungu sem er 16. nóvember. Yfirlýst markmið verkefnisins er að vekja athygli og áhuga í skólum á vönduðum upplestri og framburði.

Í síðustu viku var dagskrá á sal skólans þar sem þrjú börn úr hverjum bekk lásu sögur og ljóð. Áheyrendur voru skólasystkini úr 6. og 7. bekk. Auk upplestrar voru nemendur úr 7. bekk með skemmtiatriði, söng og hljóðfæraleik. Valdir voru einstaklingar sem verða fulltrúar skólans í úrslitakeppninni 28. mars næstkomandi í Hafnarborg. Dómarar voru Ingibjörg Einarsdóttir, Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar, Dóra Pétursdóttir, fyrrverandi kennari við skólann og Hulda Sigurðardóttir, fyrrverandi aðstoðarskólastjóri.



## Vinnan við skólastefnuna

Eins og marga rekur eflaust minni til, hófum við vinnu við endurskoðun á skólastefnu Öldutúnsskóla með skólaþingi þann 11. október sl. Efni frá þinginu ásamt efni úr hópavinnu kennara nokkru síðar, var vinnutexti stýrihóps sem hefur flokkað efnið og mótað tillögu um leiðarljós, sýn/sáttmála og meginmarkmið. Í stýrihópnum eru tveir fulltrúar foreldra, tveir fulltrúar kennara og skólastjórar, ásamt Vigfúsi Hallgrímssyni frá Skólaskrifstofunni.

Á þinginu þann 9. febrúar var verkefni hópanna að fara yfir tillögur sem lágu fyrir um leiðarljós skólans, en tillagan er: **virðing, vellíðan og virkni**. Einnig lá fyrir tillaga að texta um sýn skólans sem fólk var beðið um að skoða og gera athugasemdir við. Í þriðja lagi var verkefni hópa að gera tillögu að leiðum til að rækta eiginleika sem menn vilja að börnin búi yfir eftir 10 ára skólagöngu og eru hér talin upp:

Sterk siðferðiskennd	Góð þekking	Góð námsfærni	Samskiptafærni
Víðsýni	Hreysti og heilnæmur lífsstíll	Sjálfsstraust	Ánægðir nemendur

Í fjórða lagi voru hóparnir beðnir um að gera tillögur að leiðum til að ná ákveðnum meginmarkmiðum sem unnin höfðu verið úr efni fyrra þingsins í október.

Stýrihópurinn mun nú halda áfram vinnu sinni í framhaldi af síðara þinginu og vonast er til að tillaga að nýrri stefnu liggja fyrir við skólalok í vor.

### **Markmið með endurskoðun á stefnu skólans**

Endurskoða núverandi heildarstefnu.

Skapa aukna samstöðu hagsmunaaðila um stefnu skólans.

Vinna stefnu um foreldrasamstarf og heimanám nemenda.

Samræma stefnu skólans skólastefnu Hafnarfjarðar.

## Umbunarferð fyrir nemendur í unglíngadeild

Nemendur í unglíngadeild heimsóttu líkamsræktarstöðina **Hress** í byrjun febrúar. Þessi ferð var í boði fyrir þá sem voru með 9,5 eða 10 í mætingu á síðustu önn. Nemendur fengu að prófa ýmis tæki og þolfimi í sal. Þeir voru ánægðir og allt gekk mjög vel. Við erum við mjög þakklát starfsfólki Hress fyrir að taka svo vel á móti okkur. Krakkarnir stóðu sig vel og voru skólanum til sóma.



## Húsnæðismál og aðbúnaður í Öldutúnsskóla

Það er ánægjulegt að geta sagt frá því að sameiginlegt erindi Foreldrafélags, Starfsmannafélags og skólastjóra Öldutúnsskóla, dags. 9. febrúar sl., var tekið fyrir á fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar í síðustu viku. Í bréfinu er vakin athygli bæjaryfirvalda á nauðsyn þess að huga að húsnæði skólans með sérstakri áherslu á endurnýjun elstu álmu skólans og endurbótum á húsnæði unglíngadeildar. Auk þess þarf að byggja samkomusal og íþróttasal við skólann. Bæjarráð samþykkti að skipa vinnuhóp sem í eru fulltrúi Fasteignafélags Hafnarfjarðar, fulltrúi umhverfis- og tæknisviðs, fulltrúi Foreldrafélags Öldutúnsskóla, tveir fulltrúar Öldutúnsskóla og fulltrúi Skólaskrifstofu Hafnarfjarðar. Vinnuhópnum er falið að skoða möguleika á endurbótum á eldra húsnæði og hugsanlegri stækkun á núverandi húsnæði. Bæjarstjóra var falið að kalla hópinn saman á fyrsta fund.

## Að bera ábyrgð

Eitt af því sem töluvert hefur verið rætt í tengslum við mótun skólastefnunnar, er að efla ábyrgðartilfinningu barnanna. Við byrjum snemma á því að láta börnin okkar taka ábyrgð. Við byrjum smátt; að þau passi leikföngin sín, týni ekki vettlingunum sínum o.s.frv. Þegar þau koma í grunnskólann aukast kröfur um ábyrgð. Þau þurfa að gæta þess að mæta á réttum tíma, muna eftir heimanáminu og hafa rétta hluti í skólatöskunni. Gott ráð fyrir foreldra til að æfa þau við að taka aukna ábyrgð, er að venja þau á að taka allt úr skólatöskunni á ákveðnum tíma dagsins, (t.d. að hafa það fyrir síðasta verkið áður en tennurnar eru burstaðar fyrir svefninn), fara yfir það sem þar er, gæta að því sem þarf að vera í töskunni fyrir næsta dag og hafa stundaskrá til hliðsjónar. Þegar svo haldið er í skólann daginn eftir, er allt tilbúið og ekki þarf að leita að neinu á síðustu stundu eða gleyma einhverju sem hafa þarf með. **Styðjum börnin okkar í því að vera ábyrg með því að hjálfa þau í takast á við ábyrgð.**

## Þátttaka og okkar í norrænu stærðfræðikeppninni KappAbel

Rannveig Þorvaldsdóttir, umsjónarkennari í 9. L og stærðfræðikennari fór með bekkinn sinn í norræna stærðfræðikeppni sem er í umsjón stærðfræðiprófessors í Kennaraháskóla Íslands. Tveimur lotum keppinnar er lokið, en þær voru í nóvember og janúar. Að afloknum þessum lotum liggur fyrir hvaða bekkir ná í undanúrslit. Þá tekur við bekkjarverkefnið, sem í ár er Stærðfræði og samskipti (matematikk og kommunikasjon). Bekkjarverkefninu er ítarlega lýst í gögnum keppinnar og einnig reglum við fyrirgjöf í því. Við hvetjum foreldra til að fylgjast vel með og styðja krakkana sína í þessu verkefni og vera í góðu sambandi við kennara um það.

Níundu bekkirnir sem verða í undanúrslitum vorið 2006 eru í eftirfarandi skólum: Öldutúnsskóla og Víðistaðaskóla í Hafnarfirði, Laugagerðisskóla á Snæfellsnesi, Brekkuskóla og Lundaskóla á Akureyri, Hvolsskóla á Hvolsvelli, Digranesskóla í Kópavogi, Austurbæjarskóla og Árbæjarskóla í Reykjavík.

## Tilkynningar og fréttaskot

- **Aukatímar í samfélagsfræði og náttúrufræði í 10. bekk**

Til stendur að bjóða upp á aukatíma fyrir þá nemendur sem valið hafa samfélagsfræði og náttúrufræði til samræmds prófs í 10. bekk. Tímar þessir verða á tímabilinu 27. mars — 7. apríl og verða kynntir nemendum og foreldrum betur um miðjan mánuðinn.

- **Samræmd próf í 10. bekk verða 3.—10. maí. Nánari tímasetningar má sjá á vefsíðu skólans.**

- **Forföll smíðakennara**

Hulda Helgadóttir sem verið hefur við smíðakennslu hjá okkur frá því að Brynja hvarf frá störfum varð fyrir því óhappi að saga í tvo fingur á vinstri hendi. Hún verður fjarverandi a.m.k. í sex vikur. Við höfum auglýst eftir smíðakennara til afleysinga. Meðan ekki tekst að fá kennara í starfið er ekki hægt að kenna smíðar, en forfallakennarar taka nemendur í annað í þessum tímum.



# Öldutúnsskóli

hlýja - umhyggja - festa

